



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 29. maí 2017

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni) (Þingskjal 559 — 426. mál.)

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir tækifærið sem þeim er veitt til að gera umsögn um ofangreint frumvarp. Samtökin fagna því að umræðu hefur verið hleypt af stað um umgengnistálmanir og telja afar mikilvægt að brugðist verði með hraði við þeim vanköntum og vanmætti sem til staðar eru í stjórnvöldum til að leysa mál barna sem búa við umgengnistálmarnir. Barnaheill hvetja ríkisvaldið til að auka áherslu á þetta málefni og að móta sér stefnu og áætlanir um viðbrögð og forvarnir gegn umgengnistálmunum.

Þegar fyrir liggur að stjórnvald hefur úrskurðað um að umgengni milli barns og foreldris skuli eiga sér stað ber að fara eftir úrskurði. Eins og kemur fram í frumvarpinu er það foreldri sem tálmar, að vanrækja skyldur sínar að tryggja barni umgengni barnsins við hitt foreldrið. Að mati Barnaheilla er það alvarlegt brot og telja samtökin mikilvægt að það sé ávallt tilkynnt til barnaverndar. Veita þarf báðum foreldrum stuðning og hvatningu við að tryggja umgengni, barnsins vegna. Samtökin draga í efa að fangelsisrefsing foreldris verði nokkurn tíma barni fyrir bestu og hvetja því til þess að aðrar leiðir verði farnar við að stuðla að samvinnu foreldra. Aðrar leiðir hljóta að mati samtakanna að vera árangursríkari og færar. Notast skal við bestu þekkingu sem til er og leita fanga í erlendar rannsóknir og reynslu.

Barnaheill telja afar mikilvægt að nýta þá umræðu sem frumvarpið hefur hrundið af stað til að vekja samfélagið til meðvitundar um stöðu barna sem búa við umgengnistálmanir og hvetja til samstarfs stjórnvöldanna og fagsamfélagsins um frekari rannsóknir, þróun þekkingar og bætt verklag.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og leggja mikla áherslu á vernd barna gegn ofbeldi og vanrækslu sem þau eiga rétt á samkvæmt Barnasáttmálanum. Börn eiga líka rétt á að þekkja og umgangast báða foreldra sína sem og að njóta umönnunar þeirra eftir því sem unnt er. Vanræksla þeirra réttinda er því brot gagnvart barni.